

guð og menn eru í ósátt út af atburði, er aldrei átti sér stað (syndafalli), og því menn þurfa að friðþægjast fyrir synd, er þeir aldrei drýgðu, og hversu hægt sé að sameina hugmyndina um tilveru þessa guðs og náttúrunnar, fyrst hvorugt er öðru skylt, eftir því sem millibilsguðfræðin kennir.

Það er ekki hægt að veikja trú manna á tilverunni, hennar virkilegleika. Þessi heimur vor er of áþreifanlegur og augsýnilegur til þess. Menn og dýr, jurtir og skógar, sól og tungl, dagur og nótt, hiti og kuldi—allur hinar margvíslegu myndbreytingar tilverunnar, eru mönnum áþreifanlegur vottur um, að hún sé til. En það eru margir óvissari um það, sem þeir ekki sjá. Og fjölda margir sjá ekki guð og taka ekki eftir verkum hans. Það er því hægt að veikja trú manna á guði, og oss virðist, að óhjákvæmilega muni þessi millibilsstefna gjöra það, sem á engin fræði önnur um hann en þau, sem Móses hefir þeim kent, er eingöngu byggist á því, að hann hafi líka sagt þeim rétt frá um sköpun veraldar, sem þeir þó vefengja.

Millibilsguðfræðin skilur því eftir eilíft djúp milli heimsins, eins og hún kennir hann, og milli guðs föður mannanna, eins og hún kennir hann. Og mynd sú, er millibilsguðfræðin bregður upp, er líkust myndinni úr Harbarðsljóðum, þar sem Þór og ferjukarlinn kallast á yfir sunðið:

„Hverr er sá sveinn sveina,
er stendr fyrr sundit handan?

Hverr er sá karl karla,
er kallar um váginn?“

Sannarlega lítil úrlausn á lífsins gátum! —

